

Yfirlit yfir regluverk Evrópusambandsins er varðar úrgangsmál

Gerðir Evrópusambandsins flokkast aðallega í tilskipanir (*directives*), reglugerðir (*regulations*) og ákvarðanir (*decisions*). Við hliðina á framkvæmdastjórninni (*Commission*) geta ráðherraráð ESB (*Council*) og Evrópuþing (*European Parliament*) verið útgefendur gerða. Aðildarríki ESB þurfa að innleiða tilskipanir og aðrar gerðir, og geta breytt þeim, eftir því hvernig tilvísun í grunnsáttmála ESB er orðuð. Reglugerðir og ákvarðanir geta farið beint í regluverk aðildarríkja án frekari aðlögunar.

Meiriháttar gerðir svo sem tilskipanir eru fyrst kynntar á undirbúningsstigi sem tillögur (*proposals*) sem geta tekið margvíslegum breytingum í meðförum umsagnaraðila. Sveitarfélög í Evrópu hafa á síðari árum fengið tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við Evrópuþing sem er núorðið aðili að mörgum mikilvægum gerðum.

Grunnur umhverfisstefnu ESB er sjötta umhverfisaðgerðaáætlun (*6th Environmental Action Programme*) sem var gefið út með ákvörðun nr. 1600 á árinu 2002 og inniheldur 10 ára áætlun til ársins 2012. Umhverfisstefnan er endurskoðuð og uppfærð árlega. Kjarni þessarar aðgerðaráætlunar eru sjö meginþema:

1. Loftgæði og loftslagsmál (*Air*)
2. Að draga úr myndun úrgangs og endurvinnna hann (*Waste prevention and recycling*)
3. Umhverfismál hafsins (*Marine Environment*)
4. Jarðvegsvernd (*Soil*)
5. Varnarefni (*Pesticides*)
6. Náttúruauðlindir (*Natural resources*)
7. Borgarumhverfi (*Urban Environment*)

Fyrsta undirbúningsskjal fyrir stefnumörkun í úrgangsmálum birtist árið 2003 sem leiðarvísir að þemaáætlun (tilkynning framkvæmdastjórnar ESB „*Towards a thematic strategy on the prevention and recycling of waste*“). Sjálf þemaáætlunin kom út árið 2005 (tilkynning framkvæmdastjórnar ESB „*Taking sustainable use of resources forward: A Thematic Strategy on the prevention and recycling of waste*“).

Með nýju rammatilskipun um úrgang (DIRECTIVE 2008/98/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 19 November 2008 on waste and repealing certain Directives) er verið að innleiða meginmarkmið úr stefnumörkunarskjölum. Aðildarríkin hafa tíma til 12. desember 2010 að innleiða hana. Þar til hún hefur verið innleidd gildir samantektartilskipun um úrgang 2006/12/EC.

Sjötta aðgerðaráætlun í umhverfismálum
(6th Environmental Action Programme)



Þemaáætlun í úrgangsmálum
(Thematic Strategy on the prevention and recycling of waste)



Grunngerðir ESB í úrgangsmálum

Tilskipun um úrgang 2006/12/EB
Í seinasta lagi eftir
12.12.2010: **Rammatilskipun um úrgang 2008/98/EB**

Reglugerð um flutning
úrgangs 1013/2006/EB

Gerðir um meðhöndlun úrgangs

Brennsla úrgangs
2000/76/EB

Urðun úrgangs
1999/31/EB

Gerðir sem varða einstakar tegundir úrgangs

Tilskipun
1986/278/EB
um notkun
seyru í
landbúnaði

Tilskipun
1991/271/EB
um
meðhöndlun
skólps

Tilskipun
1996/59/um
förgun PCB og
skyldra efna

Tilskipun
1996/62/EB um
umbúðaúrgang

Tilskipun
2000/53/EB um
úr sér gengin
ökutæki

Tilskipun
2000/59/EB um
úrgang frá
skipum

Tilskipun
2002/95/EB um
takmörkun
hættulegra efna

Tilskipun
2002/96/EB um
raf- og
rafeindatækjaúr
gang

Tilskipun
2006/21/EB um
úrgang frá
námuvinnslu

Tilskipun
2006/66/EB um
rafhlöður og
rafgeymi